



8. fundur stjórnar Hestamannafélagsins Fáks 2025-2026

8. október 2025 kl. 17:00

Guðmundarstofa

Mættir: Hlíf Sturludóttir (HS), Ragnheiður Ásta Sigurðardóttir (RÁS), Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir (VFS), Sigurður Elmar Birgisson (SEB), Ívar Hauksson (ÍH), og Einar Gíslason (EG).

Fjarverandi: Þormóður Skorri Steingrímsson (ÞSS) og Hákon Leifsson (HL).

1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

Fundargerð var samþykkt samhljóða.

2. Mótanefnd

a. Mótanefnd og starfið

Elín Hulda fór yfir verkefni mótanefndar á komandi starfsári. Mótanefndin er búin að hitta þau sem gáfu kost á sér í mótanefnd.

- Nýjástölt í lok janúar.
- Kaffihúsastemning við skráningu.
- Engin skráningargjöld og google skráningarform.
- Minna vanir inni í höll á vetrarleikum.
- Vetrarleikar inni eða úti eftir veðri. Vera frekar á stóra vellinum.
- Reykjavíkurmeistaramót: Hilda Karen hefur verið ráðin mótsstjóri á Reykjavíkurmeistaramóti. HS og EG eru að fara á fund með LH á morgun til að ræða tímasetningu Reykjavíkurmeistaramóts. Áhugafólk sleppir hrossum fyrr og því ólíklegra að það keppi og erfiðara að fá sjálfboðaliða. Rætt um flokkaskráningar. Rætt um takmark á skráningar. Þurfum að finna leið til að gera það umfangsminna. Það gekk óvenju vel að fá ritara en ekki eins vel að fá fólk í eldhúsið.
- Rætt um samvinnu við æskulýðsnefndina um krakkamót sem þau halda sjálf en betra að þau komi að hjálpi mótanefnd við að halda mót.
- Gæðingamót: Ekki byrjað að undirbúa gæðingamót.
- Gera eitthvað fyrir mótanefndina, jakka eða eitthvað.

3. Æskulýðsnefnd og Landsmót

VFS og EG hafa rætt að það væri gaman að fá saman hesthúspláss fyrir börn, unglinga og ungmenntu fyrir Landsmót á Hólum. VFS kannar málið fyrir norðan.

Einnig hefur komið upp hugmynd um að fara í samstarf við framleiðanda með útivistarfatnað með klæðnað fyrir landsmót. Athuga með samstarfssamning. EG fer í málið. Rætt um keppnisjakka.

4. Nefndir og nefndarstarf

HS, Dagný Bjarnadóttir og EG hittu öryggisnefnd en það var einungis Karen sem mætti. Hefur hún verið skipaður formaður nefndarinnar og verður í sambandi við hin sem gáfu kost á sér.

HS og EG hittu einnig Gunnlaug Briem sem hefur áhuga á að koma á félagsútreiðahópi í vetur og vor. Hugmyndin er að vera með félagsreiðtúr annan hvern laugardag og síðan kannski tvo lengri reiðtúra í vor þar sem hugmyndin er að ríða annars vegar í fjöruna við Þorlákshöfn og hins vegar upp í Marardal. Hann hefur verið í sambandi við Sirrý sem gaf einnig kost á sér í nefndina og ætla þau að setja saman prógram fyrir veturinn.

HS bað VFS um að ganga eftir því að æskulýðsnefnd hafi samband við þau sem höfðu áhuga á að starfa með æskulýðsnefnd.

Kynbótanefnd er einnig komin í gang og hefur hug á að skipuleggja nokkra viðburði. RÁS hefur verið í sambandi við Davíð Matt og þeir hittust í síðustu viku og eru að skipuleggja starfið. Þau stefna á fræðsludag í nóvember.

5. Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

a. Persónuverndarreglur

HS fór yfir persónuverndarreglur sem HS og EG hafa skrifað með reglur ÍSÍ og LH til hliðsjónar. Samþykkt samhljóða.

6. Almennadalur

a. Símafundur með deildarstjóra umbóta og upplýsingamála Reykjavíkurborg

Deildarstjórinn afboðaði fundinn í dag og frestaði honum til morgundagsins. Það eru því engar fréttir af þessu máli eins og staðan er akkúrat í dag. Þeir halda áfram að byggja húsið og hafa ekki verið stöðvaðir ennþá.

b. Almennadalur 9

Skrifað hefur verið bréf til sýslumanns og óskað eftir því að því verði þinglýst á fasteignina. Bréfið fjallar um að Fákur óski eftir því að undirritun undir eignaskiptayfirlýsingu vegna Almennadals 9 verði ógild.

c. Girðingar á byggingarlóðum í Almennadalur 1, 3, og 15.

EG hefur verið í sambandi við eigendur girðinga á byggingarlóðum í Almennadal 1, 3 og 15 um að taka þær upp þar sem eigandi lóðanna er Hestamannafélagið Fákur þangað til byrjað er að byggja hús.

7. Lýsing við stóra gerðið í Faxabóli

EG kynnir mögulega lýsingu við gerðið í Faxabóli. Til að fá sem besta lýsingu þyrfti 3 staura á hvora langhlið. Þá þarf að grafa lagnaskurð fyrir rafmagn frá félagshesthúsi að gerðinu og fá rafverktaka til að ganga frá tengingu við kastara og rafmagnstöflu. Áætlaður kostnaður kynntur fyrir stjórn.

EG skoðar málið aðeins áfram og mun koma með uppfærða áætlun á næsta fund stjórnar og þá verður tekin ákvörðun.

HS verður í sambandi við Víðidalsfélagið varðandi gerði í A-tröð.

8. Viðrunarhólf

Stjórn heimilar girðingar til 19. október. Eftir þann tíma skal fjarlægja girðingar og staura. Þeir sem ekki fjarlægja girðingar sínar fyrir lok október fá ekki úthlutað að ári.

9. Uppskeruhátíð Fáks

Uppskeruhátíð Fáks fer fram 31. október. Fákur mun bjóða félögum til kvöldverðar og verðlauna stigahæstu knapa ársins, hæstu kynbótahross ársins ásamt því að veita viðurkenningar til þeirra sjálfboðaliða sem hafa unnið vel fyrir félagið á árinu.

10. Önnur mál

Erindi frá ökuskólum um að þeir fái áfram að æfa sig á svæðinu. Erindinu er hafnað á þeirri forsendu að það fer ekki saman að hafa æfingaakstur á íþróttasvæði félagsins. Ónæði og hætta skapast af akstrinum.

RÁS mun setja af stað

Fleira var ekki rætt.

Fundi var slitið 18:50.